

**Nr. 20 117 S 082 Samskip Hoffell****Hafnsögumaður slasast á fæti**

IMO.nr. 9196943  
Útgerð: Samskip, Navtech.  
Skráning: Rotterdam, Holland, PCLT.  
Smíðaður: Kína, 2000  
Stærð: 4,454 GT 5,536 DWT  
Mesta lengd: 100,6 m  
Breidd: 18,8 m Dýpt: 5,8 m  
Vél: MAN 9L 32/40.



Samskip Hoffell © Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. maí 2021 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 2. nóvember 2020 var Samskip Hoffell að koma til hafnar í Reykjavík með hafnsögumann um borð.

Þegar skipið var komið að bryggju á Vogabakka fór hafnsögumaðurinn niður stiga aftan á yfirbyggingunni en í einum stiganum rann hann til í þrepi og hægri fótur hans lenti til hliðar á stigabrík.

Hann taldi sig hafa tognað og haltraði í land en við nánari skoðun kom í ljós að hann hafði fótbrotnað.

*Mynd 1 sýnir stigana frá brú og niður á þilfar.*

*Mynd 1 Myndin sýnir slysstað***Við rannsókn kom fram:**

- að hafnsögumaðurinn kvaðst alltaf nota stigagang í íbúðum en eftir að heimsfaraldur (Covid-19) skall á var þeim gert af hafnaryfirvöldum að nota stiga utandyra til að minnka smithættu;
- að ekki voru vitni að atburðinum og hafnsögumaðurinn tilkynnti ekki atvikið í fyrstu þar sem hann taldi þetta minna en það reyndist vera;
- að hafnsögumaðurinn taldi þrepin í stiganum hál í bleytu þar sem þau væru einungis máluð;

- að fram kom hjá skipstjóra að stundum færu hafnsögumenn einir frá borði þegar komið er að bryggju enda áhöfn yfirleitt upptekin m.a. í landfestarstörfum. Ekki hefði tíðkast að krefjast þess að þeir bíði;
- að skipstjóri sagði að yfirborð þrepanna væri gróft og að efsta og neðsta þrep hvers stiga væri gulmálað (*mynd 2*):



*Mynd 2 Stigaþrepin utanhúss með rifflum*

- að skipstjórinn sagði hafnsögumenn yfirleitt fara utandyra við þessar aðstæður nema á nóttunni en þá væri öruggara að fara innan skips en nú væri tillit tekið til Covid 19 aðstæðna;
- að samkvæmt skipstjóra voru öll samskipti við hafnsögumann í samræmi við ákvæði SOLAS alþjóðasamþykktarinnar um öryggi mannlífa á hafinu. Þá taldi hann ekki þörf fyrir breytingar á öryggisstjórnunarkerfi skipsins (SMS) vegna þessa atviks.

### ***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.